

Athugasemdir sem borist hafa við drög að stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands

Jóhanna Björk Weissshappel



Efni helstu athugasemda

Reykjanesbær, 10. des. 2012

- Bent á að fjalla ætti um hreinsun skólps í Reykjanesbæ öllum (fyrrum Keflavík, Ytri og Innri Njarðvík og Ásbrú) í heild sinni en ekki eingöngu um fyrrum Keflavík þar sem flestir búa.

Landssamband fiskeldisstöðva, 3. jan. 2013

- Varðar tvö fiskeldisfyrirtæki, Rifós í Innra-lóni og Silfurstjarnan við ósa Brunnár: Ekki sammála því mati að hreinsun sé ekki viðunandi og að viðtaki sé mögulega undir álagi.



Efni helstu athugasemda

Bústólpi, 16. jan. 2013

- Upplýsingar um Bústólpa ekki réttar, tafla 7: HNE óskaði eftir því að komið yrði upp “lekabyttum” undir brúsa með lút og sýru til að fyrirbyggja að efnin berist í niðurfall og í Eyjafjörð. Bent á að þessum endurbótum var lokið á síðasta ári.
- Texti á bls. 24, „... óvissa um álag í viðtaka vegna losunar á sýru og basa um sér útrás ...“. Bent á að hér er ekki um neina hættu á losun lengur sbr. úrbætur.

Kópavogsbær, 18. jan. 2013

- Bent á að allt skólp frá Kópavogsbæ fer í hreinsistöð við Ánanaust. Taka þarf út að hluti skólps frá byggð við Elliðavatn fari í Klettagarða.



Efni helstu athugasemda

HAUST, 10. apríl 2013

- Fullyrðing um að skilningur á hugtakinu „viðunandi hreinsun“ sé mismunandi eftir svæðum. HAUST lítur svo á að það sé í verkahring UST að leiðbeina HES um sameiginlegan skilning, sbr. skilgreiningu á hlutverki UST skv. lögum 7/1998 m.s.br.
- Urðunarstaður á Bakkafirði mögulega undir álagi (grunnvatn): Telur ólíklegt að þessi staður sé undir álagi sbr. mælingar í sýnum úr læk neðan urðunarstaðar árið 2012.
- Gamlir urðunarstaðir. Vekur athygli á Heiðarfjalli þar ameríski herinn var með urðunarstað.
- Dæmi um íbúabyggðir/lítill þéttbýli (með rotþró): Lagt til að Nesjahverfi í Hornafirði verði bætt inn.




Efni helstu athugasemda

Heilbrigðiseftirlit NV, 26. apríl 2013

- Skipting landsins í „vatnsumdæmin 4“ í nýju stjórnkerfi vatnamála ekki til þess fallin að gera vinnuna skilvirkari. Nærtækara að miða við skiptingu heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.
- Álagsgreining: Skoða þarf áætlun um fjölda þe milli staða, misræmi.
- Ómögulegt að meta gæði strandsjávar. Ekki búið að setja umhverfismörk fyrir næringarefni og lífræn efni í strandsjó. Mörk í rg. 796/1999 fyrir ár og stöðuvötn. Sömuleiðis ekki búið að setja upp vistfræðilegt flokkunarkerfi sbr. 16. gr. reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Samorka, 2. maí 2013

- Ámælisvert að fjallað er um sum fyrirtæki/einingar þeirra án þess að þau hafi í öllum tilvikum fengið tækifæri til að tjá sig um þá texta.
 - Nákvæmni upplýsinga of mikil, s.s. að fitugildra hafi yfirfyllst hjá kjúklingabúi.
- 

Efni helstu athugasemda

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, 5. júní 2013

- Bent á að skipting landsins í vatnasvæði gangi þvert á hugmyndafræði um að í vatnasvæðum komi saman fólk þar sem athafnir á einum stað geti haft áhrif á öðrum. Svæðin séu of stór með enga tengingu sín á milli.
- Bent á að fjármunir sem ætlaðir eru í þessa vinnu sé ekki vel varið með því að deila út til þeirra ríkisstofnana sem heyra undir Umhverfisiráðuneyti.
- Bent á að losun frá fiskvinnslu hafi verið reiknuð út á eftirlitssvæði He. Vestfjarða og að samkvæmt því eigi tvær fiskvinnslur ekki heima í skýrsludrögnum.



Efni helstu athugasemda

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, 4. júní 2013

- Fagnar samráði sem haft hefur verið við HER við gerð skýrslu-draganna.
- Í upphafi hvers vatnasvæðiskafla væri til bóta að hafa kort yfir svæðið.
- Fullyrðing um að skilningur á hugtakinu „viðunandi hreinsun“ sé mismunandi eftir heilbrigðiseftirlitssvæðum: Bent á að réttara sé að skrifa að sveitarfélög séu mislangt komin í að uppfylla ákvæði reglugerða.
- Gufuneshaugar: Bæta má við að haustið 2012 hafi komið í ljós að olíumengun berist um regnvatnslögn sem liggur um haugana og þaðan til sjávar. Að mati HER sé því töluverð hættu á mengun sjávar við bæði Gufunes og Geirsnef.
- HER gerir ráð fyrir að fá endanleg drög stöðuskýrslu til umsagnar.



Efni helstu athugasemda

Orkuveita Reykjavíkur, 5. júní 2013

- Varðandi það mat að vatn sé mögulega undir álagi vegna yfirfallsútrása í Reykjavík: Bent á að skv. reglugerð sé heimild að yfirföll séu virk allt að 5% ársins og að ekki sé merki um álag við fjörur.
- Nesjavallavirkjun: Ekki sammála því að Þingvallavatn sé undir álagi vegna hitaáhrifa og að aðgreina megi betur mat á áhrifum virkjunarinnar og annarra þátta eins og sumarhúsa og hnattrænna áhrifa.
- Hellisheiðavirkjun og notkun neyðarlosunarsvæðis lengur en upphaflega stóð til: Bent á að skv. virkjunarleyfi sé heimilt að losa á neyðarlosunarsvæði þegar stórfelldar bilanir verða og að það hafi verið gert. Því ekki sammála því að losunin geti hugsanlega leitt til mengunar grunnvatns.



Efni helstu athugasemda

Samtök iðnaðarins, 5. júní 2013

- Bent á að fulltrúar ráðgjafanefnda hafi ekki komið inn í vatnasvæðanefndir fyrr en sept. eða október og að það komi ekki fram í drögum að stöðuskýrslu. Einnig að aðrir fulltrúar en þeir sem sitja í vatnasvæðanefndunum hafi ekki komið að gerð skýrsludraganna áður en þau fóru í kynningu.
- Bent á að skjalið líði fyrir skort á heildarsýn og virðist skrifað af nokkrum ólíkum aðilum án þess að samræming milli vatnasvæða hafi farið fram hvað varðar aðferðir og framsetningu.
- Skipasmíðastöðvar og TBT mengun: Bent á að fjallað sé um efni í áhættumati sem hætt er að nota, það er TBT.
- Tekið undir að í endanlegri stöðuskýrslu verði fjallað um álagsmat og áhtumat með tilliti til gerða viðtaka og hæfni til að taka á móti álagi. Bent á að æskilegt sé að endanleg skýrsla verði til umsagnar.



Efni helstu athugasemda

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, 6. júní 2013

- Ánægja með að höfundar skýrsludraganna hafi frá upphafi lagt áherslu á samráð og samvinnu við hlutaðeigandi stofnanir og sveitarfélög innanlands og um leið leitað fyrirmýnda erlendis. Að ágætlega hafi tekist til miðað við þröngan tímaramma og oft frekar rýrar tiltækar upplýsingar.
- Bent á að kafla um punktlosun megi bæta við höfnum. Við hafnir fer fram ýmis mengandi starfsemi, hreinsun skipa, málningarvinna, óhöpp verði við olíuáfyllingar, mengað dýpkunarefni losað utan hafna o.s.frv. Allt geti þetta valdið töluverðu álagi.
- Bent á að heimildarskrá mætti vera ítarlegri.



Efni helstu athugasemda

HS orka, 6. júní 2013

- Affalsvatn frá Reykjanesvirkjun: HS orka telur að fjaran við Kistu sé undir talsverðu staðbundnu álagi vegna affalsvatns, ekki umtalsverðu álagi.
- Affalsvatn frá Svartsengisvirkjun: Bent á að reglulegar mælingar sýni engin merki um mengun í grunnvatni af völdum affalsvatns. Ekki sammála því mati að grunnvatn sé mögulega undir umtalsverðu álagi.
- Affalslón við Svartengisvirkjun: Bent á að ummál lónsins hafi ekki stækkað frá því í sept. 2010.



Efni helstu athugasemda

Landvernd, 7. júní 2013

- Bent á að fullyrðing um að almennt sé ekki álag á vatn á Íslandi sé ekki stutt rannsóknum og að sú fullyrðing hafi fengið að hljóma óáreitt um langt skeið.
- Bent á að umfjöllun nái ekki til allra mikilvægra álagsþátta. Fram kemur að á síðari stigum verði aðrir álagsþættir teknir fyrir og telur Landvernd hætta á að þeir verði útundan.
- Áhyggjuefni að á mörgum stöðum sé frárennsli ekki hreinsað. Stingur í stúf við fullyrðingu um að yfirleitt sé lítil álag á vatn.
- Bent á að bæta megi umfjöllun um urðun á svæðum Bandaríska hersins.



Efni helstu athugasemda

Landsvirkjun, 12. júní 2013

- Bent á að Dallækur sé náttúrulegt affall frá hverasvæðum við Kröflufjall, að pH og efnasamsetning sé breytilegt, háð afrennsli hveravatns, regnvatns og affalsvatns frá Kröfluvirkjun.
- Bent á að engin merki um hækkaðan styrk á efnum í lindum við Mývatn hafi komið fram eftir meira en 40 ára losun jarðhitavatns í Bjarnarflagslón.
- Umræða um kvikasilfur í drögum að stöðuskýrslu virðist vera á misskilningi byggð.
- Bent á að í Grjótagjá hafi ekki komið fram nein efnafræðileg áhrif á vatn um fram eðlileg jarðhitaáhrif.

